

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 2004

17. febrúar 2004

549

Nr. 159

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum í 2. gr. reglugerðarinnar:

| Tollnúmer: | Vara | Tímabil | Vörumagn kg | Verðtollur % | Magntollur kr./kg |
|------------|-------------------|----------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 17.02-30.06.04 | ótilgr. | 0 | 0 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

18. febrúar 2004

Nr. 160

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi framhaldsskólalóðar við Grundargötu í Grundarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar sem haldinn var þann 12. febrúar 2004, var samþykkt tillaga að deiliskipulagi framhaldsskólalóðar við Grundargötu 44 í Grundarfirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur milli Grundargötu 42 og 50. Svæðið er skilgreint sem miðsvæði í aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og afmarkast af íbúðarsvæði við Sæból í norðri og vestri, Grundargötu í suðri og miðsvæði í austri.